



301. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í gegnum Teams fjarfundabúnað, fimmtudaginn 18. febrúar 2021 kl. 16:30.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Dominiqua Alma Belányi, Garðar Svansson, Ingi Þór Ágústsson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Lilja Sigurðardóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Þórey Edda Elísdóttir, Þráinn Hafsteinsson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forföll: Sigríður Jónsdóttir, Ása Ólafsdóttir og Knútur G. Hauksson.

Forseti setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Fjárhagsupplýsingar

Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ lagði fram tillögu um skiptingu ríkisstyrks til sérsambanda ÍSÍ. Bogfimisamband Íslands kemur nýtt inn og hefur það áhrif á úthlutunina.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Gunnar lagði einnig fram tillögu að úthlutun útbreiðslustyrks til sérsambanda ÍSÍ. Um er að ræða áætlun en lokauppgjör verður í lok árs 2021.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Gunnar fór að lokum yfir 12 mánaða uppgjör reksturs ÍSÍ. Rekstur síðasta árs er með hagstæða niðurstöðu.

2. Ólympísk málefni

Þórey Edda Elísdóttir formaður fagráðs Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ fór yfir stöðu ólympískra verkefna og verkefna sviðsins. Framkvæmdanefnd Tókýó 2020 hefur sent frá sér leiðbeinandi upplýsingar fyrir þátttakendur á leikunum þar sem farið er ítarlega yfir sóttvarnir. Ljóst er að fyrirkomulag á leikunum verður um margt ólíkt fyrri leikum, vegna stöðu kórónuveirufaraldursins á heimsvísu. Óvissuþættir eru margir og aukið flækjustig á ýmsum þáttum. Aukinn þungi er kominn í undirbúninginn fyrir Tókýó en einnig er farið að huga að Peking 2022.

Fundað hefur verið með sendiráði Íslands í Japan til að fara yfir ýmsar sviðsmyndir og verkefni.

3. Stoðsvið ÍSÍ

Þráinn Hafsteinsson formaður fagráðs Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni sviðsins. Metþátttaka var í Lífshlaupinu og var almenn ánægja með smáforritið sem notað var við skráningu hreyfingar í atakinu. Fyrirhugað er að tengja íþróttahéruðin við framkvæmd Kvennahlaupsins og eru viðræður við þau hafnar.

Undirbúningur annarra verkefna sviðsins er skv. áætlun.

Viðar Garðarsson formaður fagráðs Þróunar- og fræðsluviðs fór yfir helstu verkefni sviðsins. Ráðstefna sem haldin var á RIG og var samstarfsverkefni ÍBR, ÍSÍ og Háskólans í Reykjavík gekk vel. Viðar skýrði frá starfi starfshóps mennta- og menningarmálaráðuneytisins um framtíðarstefnu rafleikja en hann og Kolbrún Hrund eiga sæti í þeimi hópi fyrir hönd ÍSÍ.

Vel gengur að innleiða nýtt menntunarkerfi, Canvas, fyrir þjálfaramenntun ÍSÍ og sérsambanda.

4. Aðgerðarpakki stjórnvalda vegna COVID-19

Forseti greindi frá góðu samstarfi við Vinnumálastofnun (VMST) varðandi umsóknarferli fyrir íþróttahreyfinguna vegna stuðnings við launakostnað og verktakagreiðslur. Kerfi VMST er afar notendavænt og er gert ráð fyrir að útgreiðslur geti hafist fljótlega.

Fundarmenn lýstu yfir ánægju sinni með samstarfið við VMST og úrlausnir þeirra varðandi ofangreint.

5. Málafni COVID-19

Framkvæmdastjóri fór yfir þær reglur sem í gildi eru varðandi sóttvarnir. Íþróttahreyfingin hefur staðið sig vel í að framfylgja reglum sem oftast en ekki krefjast útsjónarsemi og lausnamiðaðra aðgerða.

6. 75. Íþróttþing ÍSÍ 2021

Samþykkt að stefna að hefðbundnu þingi ef þess er unnt. Ef aðstæður kalla á rafrænt þing þá verður mögulega þörf á að fresta einhverjum liðum þingsins fram á haustið.

Fundarmenn minntir á lykildagsetningar í aðdraganda þings.

7. Ársþing EOC – kosningar og framboð

Framkvæmdastjórn samþykkti með rafrænum hætti framboð Líneyjar Rutar Halldórsdóttur framkvæmdastjóra ÍSÍ til framkvæmdastjórnar EOC til næstu fjögurra ára. Ársþing EOC verður haldið í Apenu 16.-17. apríl nk., að öllu óbreyttu.

Framkvæmdastjóri fór yfir þau framboð sem komin eru til forseta EOC, varaforseta EOC og stjórnar EOC.

8. Ferðasjóður íþróttafélaga

Skrifstofustjóri fór yfir umsóknir í Ferðasjóð íþróttafélaga vegna keppnisferða á árinu 2020. Vinnuhópur ÍSÍ um Ferðasjóð íþróttafélaga leggur til að forsendum verði ekki breytt á milli ára en vegna tilfærslu á mótahaldi frá hausti 2020 yfir á árið 2021 þá verði hluta af framlagi ársins 2020 haldið eftir til að mæta auknum ferðakostnaði á árinu 2021. Þeim hluta verði úthlutað með framlagi ársins 2021.

Óskað var eftir heimild til að senda endanlega tillögu, byggða á ofangreindu, til framkvæmdastjórnar til afgreiðslu með tölvupósti.

Fundarmenn samþykktu ofangreinda tilhögun.

9. **Heiðranir**

Rætt um mögulegar heiðursveitingar á 75. Íþróttabíngi ÍSí. Heiðursráð ÍSí mun leggja fram tillögur til heiðrana á næsta fundi stjórnar.

10. **Fundargerðir**

Eftirfarandi fundargerðir teknar fyrir og samþykktar:

- 300. fundur framkvæmdastjórnar
- 2. fundur framkvæmdaráðs ÍSí 2021
- Fundur Afrekssjóðs ÍSí frá 25. janúar 2021 – **Samþykkt að veita 17 m.kr. í rekstur sjóðsins, sem eru um 3,3% miðað við áætlaðar styrkveitingar sjóðsins, sjá nánar i fundargerð.**
- Fundur Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí frá 28. janúar 2021
- Fundur Fjármálaráðs 17. febrúar 2021
- 2. fundur laganefndar 2021 – **Tillögur laganefndar að afgreiðslu mála samþykktar.**

11. **Viðburðir framundan**

Farið yfir helstu viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

12. **Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSí**

Samþykkt að næsti fundur stjórnar verði 18. mars nk.

13. **Önnur mál**

Heimildamyndin Hækkum rána

Miklar umræður urðu um heimildamyndina Hækkum rána og þær þjálfunaraðferðir sem þar koma fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.